

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. júní 2022.

**Umsögn Almenna lífeyrissjóðsins um stjórnarfrumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.), 690 mál.**

Frumvarpið byggir að mestu leyti á frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi í apríl 2021 sem mál númer 700. Það frumvarp kom nánast óbreytt aftur til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda í mars síðastliðnum. Frumvarpið og drögin sættu talsverðri gagnrýni frá umsagnaraðilum. Það var lagt fram án samráðs við nauðsynlega hagaðila og án þeirra greininga sem eðlilegar eru fyrir breytingum af þeirri stærðargráðu sem um er að ræða. Frumvarpið fól í sér mestu breytingar á lögum um lífeyrissjóði frá því að núverandi lög voru samþykkt árið 1997. Lögini voru sett á sínum tíma í víðtækri sátt hagaðila og er það mat flestra að þau hafi í meginatriðum reynst vel.

Það frumvarp sem nú er til umsagnar er efnislega sambærilegt þó gerðar hafi verið nokkrar breytingar frá fyrra frumvarpi. Breytingarnar eru jákvæðar en ekki nægjanlegar. Þrátt fyrir þær leggur Almenni lífeyrissjóðurinn til að frumvarpið verði ekki að lögum án frekari greininga á þörfum fyrir breytingum og víðtækara samráði við hagaðila. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er boðuð sérstök vinna við gerð grænbókar um lífeyrismál. Ef vel tekst til við þá vinnu má gera ráð fyrir því að úr þeirri vinnu komi fram þarfir fyrir breytingar á lögum um lífeyrismál byggt á greiningum á núverandi aðstæðum. Sú greining kann að ganga í berhöggi við það frumvarp sem hér er til umræðu, eða byggja undir einstaka þætti frumvarpsins.

Almenni lífeyrissjóðurinn leggur til að frumvarpið verði dregið til baka og frestað verði að leggja til víðtækar breytingar þar til eftir að heildarendurskoðun laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða hefur farið fram.

Umsögn Almenna lífeyrissjóðsins og tillögur í stuttu máli:

- 2. gr.  
Sú breyting sem gerð hefur verið á frumvarpinu að heimila sjóðum sem nýta hluta af lágmarksiðgjaldi í séreign að miða áfram við 1,4% árlega réttindaávinnslu er til bóta.
- 9. gr.  
Með frumvarpinu er þeim, sem ekki ná upp í hámarksfjárhæðir laga nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, gert kleift að nota tilgreinda séreign í skattfrjálsa útborgun. Þeir sem greiða hluta af lágmarksiðgjöldum sínum í séreignarsjóð, líkt og fjölmargir sjóðfélagar Almenna lífeyrissjóðsins gera, fá ekki notið þessa úrræðis og geta þannig ekki nýtt 3,5% hækkun á lágmarksiðgjaldi sínu til fyrstu fasteignakaupa, ólíkt þeim sem greiða 3,5% í tilgreinda séreign. Þetta skapar ójafnræði milli sjóðfélaga. Almenni leggur því til að sjóðfélagar geti nýtt 3,5% af launum í húsnæðissparnað sem kemur úr séreign umfram 1,4% lágmarkstryggingavernd.

- Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir er þrjár þrjár breytingar, að svo stöddu. Í frumvarpinu er tekið fram að:
  - Fallið hafi verið frá því að hækka lágmarksaldur til skylduaðildar úr 16 í 18 ár, að svo stöddu.
  - Fallið hafi verið frá því að breyta fyrirkomulagi á verðbótum lífeyrisgreiðslna, að svo stöddu.
  - Lífeyrissjóðum sem bjóða sjóðfélögum sínum að ráðstafa hluta lágmarksiðgjalds til viðbótartryggingaverndar verði áfram heimilt, að svo stöddu, að gera það og veita lágmarkstryggingavernd sem nemur 1,4% af iðgjaldsstofni á ári, í stað 1,8%, líkt og gildir um þá sjóði sem bjóða upp á tilgreinda séreign.

Það skýtur skökku við að tala um breytingar á lögnum „að svo stöddu“ á meðan einnig er talað um að tillögurnar verði teknar til umfjöllunar í fyrirhugaðri heildarendurskoðun laganna. Almenni lífeyrissjóðurinn ítrekar þá afstöðu sína að æskilegt sé að gefa málinu meiri tíma og undirbúa víðtækar breytingar á lögum um lífeyrissjóði í fyrirhugaðri heildarendurskoðun.

- 12. gr.  
Enginn ágreiningur er um tillögu að breytingum á lögum um almannatryggingar sem miðar að því að jafna áhrif lágmarksiðgjalds á greiðslur almannatrygginga. Tillagan felur í sér afturköllun á breytingu sem stjórnvöld gerðu einhliða á sömu lögum árið 2008.
- 13. gr.  
Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar fóru að lögum og aðgreindu ekki séreign sem myndast af lágmarki og viðbótarlífeyrissparnaði í réttindakerfum. Af þeim sökum er ekki hægt að gera greinarmun á uppsöfnuðum sparnaði og tilgreina hvaða eign hefur myndast af lágmarks- eða viðbótariðgjaldi nema á grundvelli áætlunar. Almenni lífeyrissjóðurinn leggur því til séreign sem myndast af lágmarksiðgjaldi skerði greiðslur almannatrygginga frá og með gildistöku laganna (verði ekki afturvirk).

Sjóðurinn ítrekar eftir sem áður fyrri umsagnir og áréttar að litið skuli á umsögn Almenna lífeyrissjóðsins við þingmál nr. 700 dagsett þann 28. apríl 2021 og umsögn Almenna lífeyrissjóðsins við drög að frumvarpi dagsett þann 24. mars 2022, ásamt fylgiskjölum, með heildstæðum hætti.

Virðingarfyllt,  
f.h. Almenna lífeyrissjóðsins



Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri.